



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 20.3.2025
Málsnúmer: 202501-0113
MH/OKV

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, Kúludalsárland

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar, sem barst í gegnum Skipulagsgátt 7. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar fyrir Kúludalsárland.

Skipulagssvæðinu er skipt í tvo hluta sitt hvorum megin við bæjarhúsin að Kúludalsá. Vestara svæðið, sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, verður breytt í íbúðarbyggð (5,4 ha). Á svæðinu er í gildi deiliskipulag fyrir frístundabyggð. Eystra svæðið, sem nú er skilgreint sem frístundabyggð (18 ha), verður breytt í athafnasvæði fyrir léttan iðnað, vörugeymslur o.fl. (7 ha) og landbúnaðarland (11 ha). Svæðið er nú deiliskipulagt sem skógræktarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir breytingartillöguna og gerir ekki athugasemdir við skipulagsáform á vestara svæðinu, þar sem hús eru nú þegar í uppbyggingu á tünnum. Eystra svæðið er hins vegar vel gróið og hefur ekki verið byggt upp, að undanskildum vegslóða sem liggur að svæðinu og raski nálægt ströndinni. Engin merki eru um skógrækt á svæðinu. Svæðið einkennist af hallamýrum sem hafa verið ræstar fram með þremur skurðum sem liggja þvert á landhalla. Skurðirnir virðast þó nokkuð vel gróir.

Vistgerðakort gefur til kynna að svæðið sé að mestu grösugt og samsett úr votlendi, graslendi og mólendi, sem líklega endurspeglar landið nokkuð vel. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Með þetta í huga er ólíklegt að stinnastararvist finnist á svæðinu.

Af loftmyndum að dæma eru hlutar svæðisins enn nokkuð blautir, þó votlendinu hafi verið raskað með framræslu. Líklegar vistgerðir á svæðinu eru votlendisvistgerðin starungsmýravist, graslendisvistgerðirnar grasengjavist, língresis- og vingulsvist og snarrótarvist, auk mólendisvistgerðarinnar grasmóavistar. Þær hafa hátt til mjög hátt verndargildi og líklegt er að jarðvegur á svæðinu sé bæði þykkur og kolefnisríkur, einkum í votlendi og graslendi.

Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar eru nokkrar æðplöntuskráningar frá Kúludalsá en þær eru flestar komnar til ára sinna. Engar tegundanna sem þar koma fram eru á valista eða friðlýstar.

Náttúrufræðistofnun bendir á að með hliðsjón af framangreindum landgæðum mætti íhuga hvort ekki væri eðlilegra að nýta eystra svæðið til landbúnaðar í stað athafnasvæðis.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur